

Fimmtudaginn 18.maí 1989.

Nr. 118/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hilmari Ólafssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 til þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt sakavottorð, þar sem fram kemur, að 22. mars sl. gekk dómur í sakadómi Reykjavíkur þar sem ákærði var dæmdur til að greiða 15.000,00 króna sekt fyrir brot gegn 37. gr., 1. mgr., og 48. gr., 1. mgr., umferðarlaga, nr. 50/1987, og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987. Þá var hann sviptur ökuréttindum í einn mánuð.

Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt gögn frá lögreglunni í Reykjavík. Kemur þar fram, að ákærði fékk ökuleyfi 1980 og að hann tók ökuþróf á ný og fékk ökuskírteini 11. nóvember 1988.

Þess er að gæta, að ákærði var sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 9. júlí 1986 með dómi sakadóms Reykjavíkur þann dag. Brot þau, sem hér er um fjallað, voru framin 19. september og 1. nóvember 1988. Þá var liðinn sá tveggja ára tími, er getið var, en hins vegar hafði ákærði eigi gengist undir ökuþróf á ný í samræmi við 53. gr., 2. mgr., umferðarlaga og öðlast ökuréttindi.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir um sakarmat og færslu til refsíákvæða, en refsing þykir hæfilega ákveðin 40.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga varðhald í hennar stað, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Ólafsson, greiði 40.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa, en sæti ella 15 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmans, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 23. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 66/1989: Ákærvaldið gegn Hilmarí Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. janúar 1989, á hendur Hilmarí Ólafssyni verkamanni, Barðavogi 14, Reykjavík, fæddum 16. febrúar 1963 í Reykjavík, „fyrir að aka tveim sinnum á árinu 1988 án ökuréttinda bifreiðinni Y 1589 svo sem hér er rakið:

1. Sunnudaginn 19. september suður þjóðveginn við Oddsstaði í Vestur-Húnavatnssýslu með allt að 109 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

2. Þriðjudaginn 1. nóvember frá heimili sínu að Barðavogi 40 og aftur til baka.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., lið 1, auk þess við 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. reglugerð um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

1) Sunnudaginn 19. september 1988 kl. 18.40 stöðvuðu lögreglumenn úr vegalögregludeild lögreglunnar í Reykjavík akstur bifreiðarinnar Y 11589 á þjóðvegi nr. 1 við bæinn Oddsstaði í Staðarhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, en bifreið þessari var ekið suður umræddan þjóðveg. Tilefnið var að á vegarkafli í landi fyrrnefnds bæjar höfðu lögreglumennirnir mælt hraða bifreiðarinnar Y 11589 með ratsjá í lögreglubifreiðinni R 2005, sem ekið var á móti áðurnefndri bifreið, þegar mælingin fór fram. Reyndist hann vera 109 km m.v. klst. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ökumanninum, ákærða

í máli þessu, kvað hann bifreið sína vera á stærri hjólbörðum en gert væri ráð fyrir og hefði hraðamælir bifreiðar hans sýnt 95 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Heimilaður hámarkshraði á greindum stað er 90 kílómetrar miðað við klukkustund.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að sunnudaginn 19. september sl. hafi hann ekið bifreiðinni Y 11589 suður Þjóðveginn við bæinn Oddsstaði í Vestur-Húnavatnssýslu á allt að 109 kílómetra hraða miðað við klukkustund og án ökuréttinda. Kvaðst hann hafa verið sviptur ökuréttindum til tveggja ára 9. júlí 1986.

2) Þriðjudaginn 1. nóvember sl. kl. 14.10 voru tveir lögreglumenn í Reykjavík að boði varðstjóra sendir að Barðavogi 14 þeirra erinda að handtaka þar ákærða í máli þessu. Þar sem ákærði reyndist ekki vera þar staddur ákváðu lögreglumennirnir að bíða um hríð á vettvangi, og bar það árangur því að eftir nokkurn tíma veittu þeir athygli bifreiðinni Y 11589, þar sem henni var ekið vestur Barðavog. Skyndilega var bifreiðinni sveigt til vinstri og ekið upp að næsta húsi, en þegar lögreglumennirnir komu að henni hafði ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, yfirgefið bifreiðina og hlaupið bak við næsta hús þar sem hann var handtekinn og færður á lögreglustöð.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að þriðjudaginn 1. nóvember síðastliðinn hafi hann ekið bifreiðinni Y 11589 án ökuréttinda frá heimili sínu að Gnoðarvogi 40 og aftur heim.

Niðurstaða.

Með afdráttarlausum játningum ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í báðum liðum ákæruskjals. Atferli ákærða varðar í báðum tilvikum við 1. mgr. 48. gr., en í síðari lið auk þess við 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Þá varðar háttsemi ákærða í fyrri lið auk þess við reglugerð nr. 250/1987, um hámarkshraða á Þjóðvegum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1979 26/7 Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1983 26/10 Reykjavík. Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl.
Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 10.10. 1983.
- 1984 14/5 Reykjavík. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
- 1984 8/11 Reykjavík. Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1985 21/6 Reykjavík. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Ökuleyfissvipting í 1 mán. frá 4/6 1985.
- 1985 30/10 Reykjavík. Sátt: 5.000,00 kr. sekt f. brot g. 49. og 50. gr. umfl.

- 1986 9/7 Reykjavík. Dómur: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 215. gr. hgl.,
1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. og 50. gr. umfl. Sviptur
ökuleyfi 2 ár frá 9.7. 1986.
- 1988 21/1 Reykjavík. Dómur: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
- 1988 6/5 Reykjavík. Sátt: 40.000,00 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fimm daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Ólafsson, greiði kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald fimm daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
